

## Starfsreglur stjórnar

Reglur þessar eru settar samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

### 1. gr.

#### Starfsemi

- 1.1. Frjálsi lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykka sjóðsins.
- 1.2. Starfsemi sjóðsins skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi.
- 1.3. Stjórnarmenn skulu haga störfum sínum í einu og öllu með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

### 2. gr.

#### Skipan stjórnar

- 2.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö sjóðfélögum og þremur til vara, kosnum af sjóðfélögum, sbr. 4. gr. samþykka sjóðsins.

### 3. gr.

#### Verksvið stjórnar

- 3.1. Stjórn skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.
- 3.2. Stjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Í þessu sambandi skal stjórnin kveða á um skipulag sjóðsins, hvernig innra eftirliti skuli háttað svo og bókhaldi og reikningsskilum, þar á meðal með samningi við 3ja aðila.
- 3.3. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ráðinn af stjórn sjóðsins, sem skal setja honum starfsreglur. Í starfsreglum skulu, m.a. koma fram reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins.
- 3.4. Komi upp sú staða að sjóðurinn verði skyndilega án framkvæmdastjóra, t.d. vegna þess að hann lætur af störfum eða verði tímabundið frá störfum af ýmsum ástæðum, skal stjórn útnefna stjórnarmann til að sinna störfum framkvæmdastjóra sem ekki þola bið þar til framkvæmdastjóri hefur hafið störf á ný eða nýr framkvæmdastjóri ráðinn. Viðkomandi stjórnarmaður skal víkja tímabundið úr stjórn sjóðsins á meðan hann sinnir störfum framkvæmdastjóra og skal varamaður taka hans sæti í stjórninni á meðan.
- 3.5. Stjórn skal ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innri endurskoðun sjóðsins.
- 3.6. Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Til mikilsháttar ákvarðana teljast m.a. útvistunarsamningar og fjárfestingarákvarðanir skv. skilgreiningu í gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa greinilega verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins skulu vera undirritaðir af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.
- 3.7. Stjórn sjóðsins skal setja formleg viðmið, þegar um meiriháttar eða óvenjuleg viðskipti er að ræða, varðandi áhættuþætti fjárfestingarverkefna sem sjóðurinn hyggst taka þátt í.
- 3.8. Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á að eigið áhættumat sé framkvæmt a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins, sem tekur mið af eðli og umfangi sjóðsins sbr. 3. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997 og III. kafla reglugerðar 590/2017.



- 3.9. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórn skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins og er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild sjóðsins. Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni. Þá mótar stjórn jafnframt áhættustefnu sjóðsins.
- 3.10. Stjórn skal móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.
- 3.11. Stjórn skal setja verklagsreglur um verðbréfiðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu sbr. 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997.
- 3.12. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar sem hefur m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði IX. kafla um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnin setur endurskoðunarnefnd starfsreglur.
- 3.13. Framkvæmdastjóri, f.h. stjórnar sjóðsins ber ábyrgð á eftirliti með útvistun skv. rekstrarsamningnum við Arion banka.
- 3.14. Stjórn sjóðsins er heimilt að útbúa sérstakar reglur um lán til sjóðfélaga.
- 3.15. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að setja sér sérstakar siða- og samskiptareglur.
- 3.16. Stjórn fundar reglulega án starfsmanna rekstraraðila ásamt því að leggja mat á störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti, störf framkvæmdastjóra og þjónustu rekstraraðila að lágmarki á tveggja ára fresti. Við framkvæmd matsins tekur stjórn mið af ákvæðum um árangursmat í Leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti fyrirtækja og eftir atvikum formi að sjálfsmati sem er útgefið af Fjármálaeftirlitinu.
- 3.17. Í skýrslu stjórnar fyrir ársfund skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagsstöðu sjóðsins.
- 3.18. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 15. maí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun. Leiði tryggingafræðileg athugun á tryggingadeild í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt grein 6.2. er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár. Ef eignir tryggingadeildar, að viðbættu endurmati og frádregnu mati á fjárfestingargjöldum, eru meira en 10% lægri en áfallnar skuldbindingar við tryggingafræðilegar athuganir tvö ár í röð er stjórn sjóðsins heimilt að lækka áunnin réttindi og lífeyri sjóðfélaga hlutfallslega skv. tillögu tryggingafræðings sjóðsins. Barnalífeyri skal þó ekki lækka.
- 3.19. Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og varaformann. Stjórn sjóðsins skiptir eftir atvikum að öðru leyti með sér verkefnum.

#### 4. gr.

##### Hlutverk stjórnarformanns

- 4.1. Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórn sjóðsins gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti.
- 4.2. Starf stjórnarformanns felst meðal annars í:
  - a) að stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestar starfsaðstæður,
  - b) að sjá til þess að allir stjórnarmenn séu upplýstir um málefni sem sjóðnum tengjast og stuðla að virkni stjórnar í allri umræðu og ákvarðanatöku,
  - c) að sjá til þess að stjórnin uppfæri með reglubundnum hætti þekkingu sína á sjóðnum og rekstri hans, fái viðeigandi leiðsögn um helstu þætti er varða stjórnnum sjóða, m.a. um lögbundnar skyldur og ábyrgð, eða að stjórnarmenn sækji námskeið af því tagi,
  - d) að tryggja að stjórnin fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til að hún geti sinnt starfi sínu,



- e) að sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum sjóðsins, m.a. fjárfestingarstefnu, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins, markmið, áhættuviðmið og rekstur.
- 4.3. Stjórnarformaður skal fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan sjóðsins og staðfesta innleiðingu þeirra. Stjórnarformaður skal jafnframt sjá til þess að stjórnin framkvæmi mat í samræmi við gr. 3.15 í reglum þessum og skal eiga frumkvæði að reglulegri endurskoðun starfsreglna stjórnar.
- 4.4. Þá skal stjórnarformaður ekki taka að sér önnur störf fyrir sjóðinn en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformaður, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn sjóðsins felur honum.

#### 5. gr.

##### Gerð samþykkt

- 5.1. Stjórninni er heimilt að gera breytingar á samþykktum sjóðsins er leiða beint af lögum og reglugerðum eða nauðsynlegar eru til að sjóðurinn geti fengið eða haldið starfsleyfi.
- 5.2. Um aðrar breytingar á samþykktum fer samkvæmt samþykktum sjóðsins.

#### 6. gr.

##### Fyrirsvar stjórnar

- 6.1. Formaður stjórnar er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni sjóðsins nema stjórnin ákveði annað. Einnig kemur framkvæmdastjóri fram út á við fyrir hönd sjóðsins í samræmi við hefðir og eðli máls. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá stjórn. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra.
- 6.2. Stjórnin ákveður hver skal fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í, svo sem með setningu hluthafastefnu og viðmiða um meðferð atkvæðisréttar sjóðsins tengdum fjárfestingum hans. Stjórnin ákveður hver skuli vera fulltrúi af hálfu sjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað.

#### 7. gr.

##### Boðun funda o.fl.

- 7.1. Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði. Auk þess skal halda stjórnarfund, ef einstakir stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri telja slíkt nauðsynlegt.
- 7.2. Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn.
- 7.3. Stjórnarformaður skal sjá til þess að boðað sé til stjórnarfundar með minnst 7 daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið annan frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt og má senda það stjórnarmönnum með rafrænum hætti. Stjórnarformaður útbýr í samstarfi við framkvæmdastjóra dagskrá stjórnarfundar og skal dagskráin send stjórnarmönnum með að jafnaði 3 daga fyrirvara.
- 7.4. Fundargögn skulu vera aðgengileg stjórnarmönnum á rafrænu aðgangsstýrðu svæði (vefgátt) og teljast afhent stjórnarmönnum þegar þau hafa verið vistuð á framangreindu svæði. Sérstökum trúnaðargögnum sem stjórnarmenn fá í hendur til umfjöllunar á stjórnarfundum skal skilað í lok fundarins nema stjórnarformaður ákveði annað.
- 7.5. Stjórnarformaður sem ekki kemst á boðaðan stjórnarfund skal tilkynna það tímanlega til stjórnarformanns sem sér um að boða varamann ef þurfa þykir. Er það að lágmarki gert ef fleiri en tvo aðalmenn vantar á stjórnarfund. Sá varamaður skal boðaður fyrst sem lengst hefur setið samfellt sl. þrjú ár. Hafi varamenn setið jafnlengi sl. þrjú ár skal sá varamaður boðaður fyrst sem setið hefur lengst frá upphafi stjórnarsetu sinnar.
- 7.6. Stjórn skal halda ársfund sjóðsins fyrir lok júní ár hvert. Rétt til setu á ársfundi eiga sjóðfélagar, réttthafar, stjórnarmenn sjóðsins og fulltrúar þeirra aðila sem sjóðurinn hefur gert samstarfssamning við. Stjórnin skal boða fundinn á sannanlegan hátt með þriggja vikna fyrirvara. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað. Skyld er stjórninni að boða til aukaársfundar, ef meirihluti stjórnar telur ástæðu til, eða ef sjóðfélagar sem að eiga samanlagt 10% af atkvæðamagni í sjóðnum krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Aukaársfundur skal boða á sama hátt og ársfundur. Um fundarsetu og atkvæðisrétt á aukaársfundum gilda sömu reglur og á ársfundi.



## 8. gr.

### Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 8.1. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum og varaformaður í hans fjarveru og skulu þeir sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku.
- 8.2. Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund eða varamenn koma í þeirra stað. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.
- 8.3. Óski stjórnarmaður eftir frestun afgreiðslu máls til næsta fundar skal orðið við slíkri beiðni enda bjóði brýnir hagsmunir sjóðsins ekki annað.
- 8.4. Stjórnarmenn skulu snúa sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra með óskir um að tekin verði á dagskrá stjórnarfunda einstök mál.
- 8.5. Stjórnarstarfið á almennt að fara fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta á milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og stjórnenda sjóðsins utan stjórnarfunda skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar varði þau ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana stjórnar.
- 8.6. Ef taka þarf ákvörðun utan formlegra funda stjórnar telst hún gild ef meirihluti stjórnarmanna samþykkir í tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt. Ákvörðun sem tekin er milli formlegra funda skal bóka á næsta stjórnarfundum á eftir.

## 9. gr.

### Fundargerðir og fundargerðarbók

- 9.1. Formaður stjórnar skal sjá um að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Fundargerðir stjórnarfunda eiga að veita heildaryfirsýn yfir umræður á stjórnarfundum, þau gögn sem eru lögð fram við hvern dagskrárlið og efnisatriði þeirra ákvarðana sem teknar eru. Fundargerðir skulu vistaðar inn á vefgátt sbr. 7. gr. að jafnaði innan 7 daga frá stjórnarfundum og vera aðgengilegar öllum stjórnarmönnum og þeim varamönnum sem setið hafa viðkomandi fund. Fundargerðir skulu ritaðar í númeraröð, sem skal vera óslitin á milli ára.
- 9.2. Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi
  - a) Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
  - b) Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum og hver ritar fundargerð.
  - c) Dagskráatriði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
  - d) Ákvarðanir sem teknar eru og rök fyrir þeim ef um fjárfestingarákvarðanir er að ræða og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
  - e) Upphaf og lok fundartíma.
  - f) Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.
- 9.3. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðarbókina.
- 9.4. Í upphafi stjórnarfundar skal fundargerð næsta stjórnarfundar á undan borin upp til samþykktar.
- 9.5. Fundargerðir skulu undirritaðar af þeim stjórnarmönnum sem sátu viðkomandi fund og viðkomandi varamönnum hafi þeir tekið sæti á stjórnarfundum í fjarveru aðalmanns. Stjórnarmenn sem ekki hafa sótt stjórnarfund skulu undirrita að þeir hafi lesið og kynnt sér efni fundargerðarinnar. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.

## 10. gr.

### Þagnar- og trúnaðarskylda

- 10.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó stjórnarmaður láti af starfi.



## 11. gr.

### Hæfi stjórnarmanna

- 11.1. Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og ákvæði reglna nr. 180/2013 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða.
- 11.2. Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, hafa gott orðspor og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- 11.3. Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn lífeyrissjóðs mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Starfsmönnum lífeyrissjóðs er ekki heimilt að sitja í stjórn hans.
- 11.4. Þrátt fyrir 11.3. gr. getur starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Undanþága þessi á þó ekki við um stjórnendur og lykilstarfsmenn eftirlitsskyldra aðila eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðs eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Stjórnarseta samkvæmt þessari grein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaaðrekstrum á fjármáلامarkaði eða dragi úr trúverðugleika stjórnar lífeyrissjóðs. Skal þar m.a. horft til stöðu þeirra starfsmanna sem um ræðir hjá eftirlitsskyldum aðila.
- 11.5. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- 11.6. Sjóðurinn skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Tilkynningum skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar til þess að hægt sé að meta hvort skilyrðum 31. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 sé fullnægt.
- 11.7. Verði breytingar á áður veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á hæfi stjórnarmanns ber honum að tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins án tafar en eigi síðar en innan tveggja vikna frá breytingunum.
- 11.8. Um hæfi stjórnarmanna til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.

## 12. gr.

### Vanhæfi

- 12.1. Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega. Skyllt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik.
- 12.2. Stjórnarmenn og varamenn skulu í upphafi hvers starfsárs gera grein fyrir helstu störfum sínum og tengslum utan stjórnar sem hugsanlega gætu valdið vanhæfi viðkomandi við umfjöllun og afgreiðslu einstakra mála í stjórninni. Jafnframt skulu stjórnar- og varamenn upplýsa um breytingar á ofangreindu án tafar en eigi síðar en tveimur vikum eftir að þær eiga sér stað. Upplýsingar um störf og stjórnarsetu stjórnarmanna skulu vera aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.
- 12.3. Stjórnarmaður skal kynna sér dagskrá hvers stjórnarfundar og tilkynna stjórninni fyrirfram ef aðstæður eru fyrir hendi í máli sem valda vanhæfni eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi hans. Stjórnin eða viðkomandi stjórnarmaður tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort hann skuli víkja sæti á meðan á meðferð málsins stendur og skal þess getið í fundargerð. Stjórnarmaðurinn sem efasemdir um hæfi varðar tekur ekki þátt í umræðu eða ákvörðun þar um og skal ekki hafa aðgang að gögnum málsins. Hafi stjórnarmaður þegar fengið aðgang að gögnum málsins skal þeim aðgangi lokað.
- 12.4. Stjórnarmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.



### 13. gr.

#### Frekari reglur um störf stjórnar

- 13.1. Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, samþykktum sjóðsins og öðrum reglum er gilda um sjóðinn og almennum reglum verðbréfamarkaðarins.
- 13.2. Um ábyrgð, vald og störf stjórnar sjóðsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, samþykktum sjóðsins og öðrum almennum lögum og reglum sem við eiga á starfssviði sjóðsins.

### 14. gr.

#### Breytingar á starfsreglum stjórnar

- 14.1. Einungis stjórn sjóðsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar. Starfsreglur stjórnar skulu teknar til upprifjunar og endurskoðunar árlega.

### 15. gr.

#### Meðferð starfsreglna

- 15.1. Þeir sem sæti eiga í stjórn sjóðsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit reglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum aðalmönnum og varamönnum í stjórn skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita yfirlýsingu þess efnis því til staðfestingar.
- 15.2. Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðanda sjóðsins skal afhent eintak af starfsreglum sjóðsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Öllu framangreindu til staðfestingar er skal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun. Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Til staðfestu undirritar stjórn nýjar starfsreglur.

15. apríl 2024

Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður

Jón G. Kristjánsson

Elías Jónatansson

Anna Sigríður Halldórsdóttir

Björn Ingi Victorsson

Magnús Pálmi Skúlason

Elín Þórðardóttir